



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
á 70 ára afmæli Kópavogsbæjar**

**Salnum, Kópavogi
11. maí 2025**

Kæru íbúar Kópavogs.

Það er mér mikil ánægja að fá að ávarpa ykkur á þessum merkilegu tímamótum, sjötíu ára afmæli Kópavogsbæjar, sem ég er afar stolt af að kalla minn heimabæ. Til hamingju með daginn!

Mér leiðist seint að skreyta mig Kópavogsfjöðrum og verð að fá að telja til þær helstu hér. Ég var innan við eins árs gömul þegar við fjölskyldan fluttum á Kársnesið og hef ég búið við allmargar göturnar í Vesturbæ Kópavogs sem og í efri byggðum bæjarins. Ég spilaði bæði handbolta og fótbolta með Breiðabliki, var í siglingaklúbbnum Ými og sigldi á ýmsum fleyjum yfir voginn til að stinga mér í heita lækinn í Öskjuhlíðinni. Ég lærði á píanó hér við Tónlistarskóla Kópavogs og var stoltur meðlimur í Kársneskórnum þar til ég var eiginlega rekin því ég var kominn í kórinn hjá Jóni Ólafs í Verzló og Kópavogsbúar kunna ekki að meta svoleiðis framhjáhald. Ég man eftir skiptistöðinni á sínum bestu og verstu tímum en þarna uppi á Hamraborginni myndaðist stundum rígur milli austurs og vesturs, svo ekki sé minnst á rígin milli þeirra sem hlustuðu á pönk eða diskó. En Kópavogur umvafði okkur öll og gerir enn. Hér býr í sátt og samlyndi fólk af öllum stéttum, með ólíkar skoðanir og ólíkan uppruna. Það hefur verið mín mesta gæfa að alast upp í slíku umhverfi.

Þið verðið því að fyrirgefa mér þótt minningarnar streymi fram. Ég man eftir Kársnesinu þegar þar voru enn hæsnabú og ferðum þangað á hjólinu til að kaupa egg og út í Jóabúð til að kaupa skyr. Ég man eftir brennó og öðrum útileikjum á kvöldin, ævintýraferðum í Kirkjuholtinu og þegar við vinkonurnar stofnuðum leynifélagið Sjö saman eftir að ég fékk þá bráðskemmtilegu bók

lánaða á bókasafninu. Ég man eftir 17. júní og fjölmörgum tónleikum á Rútstúni en þar lærði ég einnig á skíði. Þetta tún, sem er hér aðeins steinsnar frá, er nefnt eftir Finnboga Rúti Valdimarssyni sem gegndi fyrstur stöðu bæjarstjóra hér í Kópavogi og átti stóran þátt í því að umbreyta svæðinu úr óskipulagðri byggð í nágrenni höfuðstaðarins í fullbúið bæjarfélag sem býður upp á alla helstu þjónustu.

Hér í Kópavogi er markið nefnilega alltaf sett hátt þegar kemur að þjónustu. Þessi glæsilegi salur sem við erum stödd í nú er til marks um það og listasafnið hér við hliðina, kennt við listakonuna Gerði Helgadóttur, að ógleymdri bestu sundlaug höfuðborgarsvæðisins. Af nýlegri uppbyggingu má nefna Sky Lagoon, einn vinsælasta viðkomustað erlendra ferðamanna á Íslandi, stærstu sýningarhöll landsins, stærstu verslunarmiðstöð landsins og svo mætti lengi telja. Þá er aðstaða til íþróttaiðkunar með miklum glæsibrag hér í bæ á vegum sigursælla og öflugra íþróttafélaga auk þess sem íþróttamannvirkin við lækinn, Tennishöllin og Sporthúsið draga fólk að úr bæjarfélögunum í kring. Mestu verðmætin eru þó ávallt fólgin í tengingunni við náttúruna hvort sem um er að ræða glæsilega strandlengjuna við Kársnesið, aðgengið að Elliðavatni eða svæðið við Þríhnúkagíg og Bláfjallasvæðið.

Kópavogur á sér sögu sem sameinar svo margt af því sem Ísland er þekkt fyrir. Bærinn er ungur, rétt eins og lýðveldið Ísland, en samt nær sagan langt aftur. Nafn bæjarins er þekkt í rituðum heimildum allt aftur til 16. aldar og tengt órjúfanlegum böndum við sögu Íslands frá Kópavogsfundinum 1662 þar sem veigamiklar ákvarðanir um stjórnskipan landsins voru teknar. Á þessum tíma voru hér nokkrir bæir, íbúar töldu ekki nema tugi á gervöllu svæðinu en frá og með stofnun bæjarfélagsins fyrir 70 árum hefur vöxturinn verið gríðarlegur og það hefur verið gert á grundvelli fórnfýsi fólksins hér í bænum. Hér telur fólk ekki eftir sér að vinna þau verk sem þarf að vinna. Sú orka sem stafar af mannlífinu hér hefur yfirbragð vinnusemi og ábyrgðar. Stór hluti bæjarins reis á þeim tíma þegar ung pör tóku sjálf ábyrgð á byggingu húsa sinna og bjuggu stundum í þeim árum saman án þess að búið væri að festa kaup á hurðum eða gólfefnum. Það er Kópavogsandinn, sparsemi, þolinmæði en líka metnaður fyrir að byggja eitthvað veglegt og skilja fórnirnar sem þarf að færa til að það geti orðið að veruleika. Hér hafa mörg öflug fyrirtæki hafið göngu sína og mörg þeirra tengjast byggingariðnaðinum. Það má nefna Málningu og svo að sjálfsögðu Byggingavöruverslun Kópavogs eða BYKO en þá verslun heimsótti ég gjarnan með pabba mínum, píparanum, sem ber ábyrgð á ófáum hitagrindunum hér í Hamraborginni og í Sunnuhlíð en pabbi lauk starfsævinni sem húsvörður við Sunnuhlíð og mamma starfaði alla tíð sem þroskajálfi á Kópavogshælinu eins og það var þá kallað.

Kæru Kópavogsbúar.

Eins og þið heyrið þá er ég afar stolt af bænum mínum, Kópavogi. Ekki bara vegna þess að mér finnst bærinn fallegur með sína reisulegu kirkju hér uppi á holtinu og sína einstöku sjávar- og fjallasýn, þó að það nær stolt mitt að sjálfsögðu. En ég er ekki síst stolt af Kópavogi vegna þeirra gilda sem einkenna menninguna hér. Hér í Kópavogi lifir fólk ekki á fornri frægð heldur lætur það verkin tala, hér ríkir virðing fyrir starfi annarra, sama hvers eðlis það er, enda vita það allir sem búa í góðum samfélögum að þar skiptir mestu máli að fólk vinni saman í þágu heildarinnar. Það skiptir máli að fólk haldi hvert með öðru og fagni árangri hvers annars. Að heilsa nágranna sínum með brosi og hlýju og að mæta slíku viðmóti til baka eru meðal mestu lífsgæða. Þessu megum við aldrei gleyma. Það krefst hugrekkis að hafa þetta viðhorf.

Ég hef undanfarinn vetur stutt við hreyfingu sem nefnist Riddarar kærleikans sem meðal annars spratt fram sem viðbragð við vaxandi ofbeldi meðal yngri kynslóða og sorglegs andláts ungrar stúlku sem bjó hér í Kópavogi. Það kann að hljóma dramatískt að kalla eftir því að við gerum kærleikann að öflugasta afli samfélagsins en staðreyndin er að það ákall er í reynd lífsnauðsynlegt. Munum samt að kærleikurinn er umfram allt hversdagslegur, við sýnum hann ekki aðeins með stórum orðum og gjörðum, heldur ekki síður með því að brosa til fólksins í kringum okkur og að þykja vænt um samfélagið okkar, bæinn sem við búum í.

Mér þykir afskaplega vænt um bæinn minn, Kópavog, og fólkið sem hér býr og ég finn að þau gildi sem hér eru hátt skrifuð eru að taka sjálfan sig ekki of alvarlega en taka samt ábyrgð á sínu, sýna öðru fólki virðingu og hlýju og njóta nærumhverfisins. Þar fer afmælisbarnið Kópavogur sannarlega fram með góðu fordæmi fyrir landið allt.

Ég ítreka hamingjuóskir til bæjarbúa og við Kópavog vil ég segja. Hafðu þökk fyrir allt.